

Bæjarþingsdómsins um málskostnað og sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni ber einnig að samþykkja, þó svo, að sektin sje 4 kr.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður, þó svo að sektin til landssjóðs sje 4 kr. Áfrýjandi Ólafur J. Hvanndal greiði stefnda Jes Zimsen 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnæja áður liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 31. mars 1919.

Nr. 2/1919:

Sigurður Sigurðsson
gegn
Helga Zoëga.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi Sigurður Sigurðsson yfirrjettarmálaflutningsmaður á Ísafirði fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Helga Zoëga kaupmanni í Reykjavík út af vanefndum á samningi milli málsaðila,

dags 7. júní 1917, um sölu á 1000 brúkuðum síldar-tunnum, og krafðist áfrýjandi þess fyrir bæjarþinginu að kaupunum verði rift að því er snertir 519 tunnur, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða honum andvirði þeirra, 8304 kr. ásan t 6 % ársvöxtum af þeirri upphæð frá 19. júní 1917 til sáttkærudags 14. febr. 1918, og 7 % ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og kostnað við flutning á tunnum þessum frá Reykjavík til Vestfjarða kr. 856. 35 auk 6 % ársvaxta af þeirri upphæð frá 21. júlí 1917 til sáttakærudags og 7 % ársvaxta þaðan í frá til greiðsludags Ennfremur krafðist áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 1000 kr. í skaðabætur fyrir galla á tunnum þeim, er skemdar voru en þó eigi ónothæfar, og fyrir annað tjón hans af sammingsrofunum auk 5 % ársvaxta af þeirri upphæð frá sáttakæru degi til greiðsudags. Loks krafðist hann málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Máli þessu lauk svo fyrir bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 28. nóv. f. á., að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda og var málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Sigurður Sigurðsson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. jan. Þ. á., og hefur gert hjer fyrir réttinum hinar sömu kröfur og fyrir undirrétti. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi Helgi Zoëga, hefur frá sinni hálfu krafist þess að hinn áfrýjadi dómur verði staðfestur og áfrýj-

andi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að með samningi dags. í Reykjavík 7. júní 1917 keypti áfrýjandi af stefnda um 1000 brúkaðar sildar tunnur, sem stefndi átti von á með gufuskipinu Ceres frá Fleetwood fyrir 16 kr. hverja. Er svo ákveðið í samningnum að kaupandi veiti tunnunum móttöku um leið og þær verði affermdar úr Ceres og borgi þær samtímis, en seljandi skuldbindur sig til þess að lána endurgjaldslaust pláss við bryggju sína til að staflla þeim á og geyma þær á uns kaupandi gæti flutt þær þaðan síðar í sama mánuði. Eunnfremur er svo ákveðið í samningnum að tunnurnar sjeu í nothæfu standi til sildarsöltunar.

Það er upplýst í málinu að 994 tunnur voru fluttar vestur á Langeyri við Álptafjörð í júlímán. 1917, en hinu 3. ágúst s. á. fekk áfrýjandi 2 menn dórkvadda til að skoða og meta galla á tunnum þessum; framkvæmdu þeir skoðun sína og mat 4. s. m., og komust þeir að þeirri niðurstöðu, að af tunnunum væru 519 algerlega óhæfar til sildarsöltunar nema með aðgerð, er tæki langan tíma; sumpart væru botnar í tunnum þessum brotnir og brotin ósamstæð í þeim, og taka skoðunarmennirnir fram að þeir gallar gætu ekki stafað af flutningnum á tunnunum vestur. Einnig væru tunnurnar allmjög stafbrotnar, og væri auðsjeð af brotsárunum að tunnurnar hefðu ekki brotnað í flutningnum vestur. Loks væru margar af tunnunum ekki síldartunnur, heldur tunnur með ýmsu

lagi og af ýmsri stærð, að mun minni en tunnur sem ætlaðar eru til sildarsöltunar. Þá taka skoðunarmennirnir það fram, að þær tunnur, sem þeir telja nothæfar, séu að eins nothæfar með nokkurri aðgerð.

Skoðunar og matsgjörð þessa staðfestu skoðunarmennirnir síðan fyrir rétti. Þá hefur yfirsildar atsmáðurinn á Ísafirði vottað og staðfest það vottorð sitt fyrir rétti, að hann hafi athugað umræddar sildartunnur; séu þær flestallar slæmar og illa útlitandi, og telur hann 519 þeirra öldungis óhæfar til sildarsöltunar nú þegar, bæði sökum þess, að þær sjeu alls ekki þækilheldar svo og sökum þess að sumar þeirra sjeu talsvert minni en sildartunnur alment gerast. Sökum þessara galla telur áfrýjandi sjer heimilt að rifta kaupunum að því er kemur til umræddra 519 tunna og krefjast þess að stefndi endurgreiði andvirði þeirra.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að skoðun og lýsing matsmannanna fyrir vestan á umræddum tunnnum sje ekki á rökum byggð, en sýknukröfu sína byggir hann þó aðallega á því, að löglegur atsmáður áfrýjanda hafi veitt tunnunum móttöku hér í Reykjavík, hafi hann látið menn með sérþekkingu skoða þær og hafi hann að því búnu greitt andvirði þeirra, og hafi tunnurnar síðan að ráðstöfun áfrýjanda verið fluttar vestur.

Það er nú sannað í málinu, að maður sá, er í umboði áfrýjanda gerði sáningu og tunnukaupin við stefnda, hafi veitt tunnunum móttöku hjer í bænum, og það er og viðurkennt að hann hafi þá borgað

stefnda andvirði 994 tunna. Áfrýjandi neitar því að vísu, að maður þessi hafi haft umboð eða heimild til þess að veita tunnunum móttöku á bindandi hátt, en eftir því sem á undan var gengið og með tilliti til þess að áfrýjandi gerði ekki aðrar ráðstafanir um tunnnumóttökuna og síðan ljet taka tunnurnar og flytja vestur án nokkurra athugasemda verður að lita svo á að stefndi hafi haft næga ástæðu til að ætla að maður þessi hefði umboð áfrýjanda til að veita þeim móttöku, og það því fremur sem samningurinn ber það greinilega með sér að kaupin áttu að afgerast hjer í Reykjavík að öllu leyti og móttaka og borgun að fylgjast að.

Það er ennfremur sannað að umgetinn umboðsmaður áfrýjanda hefir fengið þrjá menn, einn beyki og 2 fiskimatsmenn, til að skoða umræddar tunnur. Hafa menn þessir, er leiddir hafa verið sem vitni í málinu, borið það að þeir hafi tekið frá þær tunnur, sem þeim þótti ónothæfar til sildarsöltunar, að undanteknu því að vantað hafi bönd á margar af þeim tunnnum, er þeir tóku gildar. Um tölu þeirra tunna, er skoðunarmenn þessir töldu nothæfar, er ekki komin fram í málinu fullnægjandi greinargerð, en þar sem umboðsmaður áfrýjanda greiddi andvirði 994 tunna, verður að gera ráð fyrir, að hann hafi talið þær allar fullnægja ákvæðum samningsins.

Þar sem það þannig verður að teljast sannað, að áfrýjandi hafi stuðst við aðstoð og álit manna með sérþekkingu í þessu efni, er hann eða umboðsmaður hans valdi sjálfur, áður en hann veitti tunnunum móttöku,

og lét flytja þær vestur, og þar sem eftir skýrum orðum sammingsins átti að veita tunnunum móttöku í Reykjavík og borga þær samtímis, verður að líta svo á, að það hafi verið of seint fyrir áfrýjanda að finna að hinum umræddu tunnnum eftir að þær voru komnar vestur, þótt þær hefðu verið svo gallaðar að hann hefði getað neitað að veita þeim viðtöku í byrjun, og þarf þá ekki að rannsaka hvort upplýst sé hvort svo hafi verið. Af sömu ástæðum verður 1000 kr. skaðabótakrafa áfrýjanda heldur eigi tekin til greina.

Þar sem yfirdómurinn þannig kemst að sömu niðurstöðu og undirdómarinn og þar sem ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað einnig samþykkist, ber að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera oraskaður. Áfrýjandi Sigurður Sigurðsson greiði stefnda Helga Zoëga 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar sju 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.